



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um byrjendalæsi og sérkennslu**

Á fundi borgarráðs, 28. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað margir skólar í Reykjavík kenna samkvæmt aðferðinni Byrjendalæsi? Hver var kostnaðurinn við innleiðingu aðferðarinnar og hver er árlegur kostnaður hvers skóla eftir innleiðingu fyrsta ársins og hver er árlegur kostnaður í heild sinni er eftir það? Er árangur í lestri betri í þeim skólum sem nýta Byrjendalæsi heldur en í þeim skólum sem gera það ekki? Er það á valdi skólastjóra í hverjum skóla hvaða aðferð við lestrarkennslu verður fyrir valinu? Hver hefur árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar við sérkennslu verið síðustu 5 ár sundurliðaður frá ári til árs?*

#### **Svar:**

Leitast verður við að svara þeim spurningum sem fram koma í fyrirspurninni í þeirri röð sem þær eru settar fram.

Innleiðing Byrjendalæsis hófst í grunnskólum borgarinnar haustið 2008 en þá var fjórum skólum boðið að taka þátt í verkefninu sem þróunarverkefni sem leitt var af skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Samtals tóku 26 skólar þátt í námskeiðum og stuðningi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs og Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri (MSHA) á tímabilinu 2008 – 2013. Fram til ársins 2013 sá skrifstofa skóla- og frístundasviðs um að halda utan um þátttöku skólanna í borginni í Byrjendalæsi og gerði um það miðlægan samning við MSHA. Frá skólaárinu 2013 – 2024 hafa einstaka skólar gert samning við MSHA um þjónustu vegna Byrjendalæsis og því ekki verið gerður miðlægur samningur um þessa þjónustu frá árinu 2013. Því hefur skóla- og frístundasvið ekki upplýsingar um kostnað vegna innleiðingar aðferðarinnar, hver árlegur kostnaður hvers skóla eftir innleiðingu fyrsta ársins hefur verið og hver árlegur kostnaður í heild sinni hefur verið eftir það. Enda hefur sá kostnaður væntanlega verið mismunandi frá ári til árs eftir því hvaða þjónustu hver skóli hefur keypt af MSHA vegna stuðnings, ráðgjafar og námskeiða fyrir almenna kennara og/eða leiðtoga í Byrjendalæsi.

Frá og með hausti 2023 hefur MSHA breytt verklagi sínu þannig að nú er gerður þjónustusamningur milli MSHA og þeirra skóla sem óska eftir þjónustu vegna stuðnings og eflingu vinnu með læsi á yngsta stigi grunnskóla. Í þjónustusamningnum felast grunn- og framhaldsnámskeið um nám og kennslu skv. aðferðum Byrjendalæsis, áskrift að vef Byrjendalæsis, smíðjur, kennsluáætlanir, mánaðarlegir opnir fundir á starfstíma skóla, fundir og ráðgjöf fyrir leiðtoga í skólum, vinnustofur um læsistengd viðfangsefni, örnámskeið í formi myndbanda og mat á Byrjendalæsi. Mánaðarleg áskrift hvers skóla að Byrjendalæsi er nú kr. 22.000.- pr. skóla óháð fjölda kennara sem taka þátt hverju sinni.



Samkvæmt þeim upplýsingum sem skóla- og frístundasvið hefur aflað hafa tíu grunnskólar í borginni nú þegar gert þjónustusamning við MSHA vegna stuðnings við Byrjendalæsi á þessu skólaári og fimm aðrir hafa sent jákvætt svar en ekki staðfest samninginn enn þá.

Spurt er hvort árangur í lestri sé betri í þeim skólum sem nota Byrjendalæsi heldur en í þeim skólum sem nota ekki þá aðferð. Ráðgjafar Miðju máls og læsis rýndu niðurstöður lesskimunarinnar Lesmáls í 2. bekk vorið 2022 í því skyni að bjóða ráðgjöf, stuðning og fræðslu til þeirra grunnskóla sem þurfa sérstakan stuðning, þ.e. þar sem fjöldi nemenda sem nær aldurssvarandi hæfni í lestri var undir 60% og einnig funda með þeim skólum sem náðu 80% árangri eða betri í því skyni að læra af því sem vel er gert. Sú rýni leiddi í ljós að fjórir af sex skólum sem sýndu hvað bestan árangur í lestri í 2. bekk í lesskimuninni Lesmáli vorið 2022 kenna lestur aðallega samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Í viðtölum við læsisteymi skólanna kom fram að þar sem fram fer markviss vinna, góður stuðningur við kennara, kennarar með góða þekkingu og reynslu af lestrarkennslu og gott samstarf við leikskóla um upplýsingagjöf t.d. um niðurstöður Hljóm2 í leikskóla og lesskimun að hausti fyrir 1. bekk, þar er árangur í lestri hvað bestur óháð hvaða lestrarkennsluaðferð skólinn notar.

Spurt er hvort það sé á valdi skólastjóra í hverjum skóla hvaða lestrarkennsluaðferð verður fyrir valinu hverju sinni. Er því til að svara að skólastjórar í grunnskólum borgarinnar eru faglegir leiðtogar í sínum skólum og eiga að leiða það faglega starf sem fram fer í skólunum. Í grunnskólum borgarinnar starfa metnaðarfullir kennarar og skv. rannsóknir sem gerðar hafa verið eru kennarar á yngsta stigi grunnskóla sá hópur kennara sem sinnir endurmenntun sinni hvað best með þátttöku í hvers kyns símenntun, þ.m.t. vegna lestrarkennslu. Grunnskólar borgarinnar hafa sett sér læsisáætlun þar sem fram kemur hvaða lestrarkennsluaðferðir kennarar skólans hafa komið sér saman um að nota við að kenna og þjálfa lestur. Þar koma m.a. fram upplýsingar um markmið, leiðir og námsmat í lestri ásamt viðmiðum um árangur sem stuðst er við í matinu. Jafnframt koma fram áherslur í öðrum þáttum íslenskunnar, s.s. ritun, stafsetningu, skrift og frágangi. Í flestum hverfum hafa grunnskólar og/eða samstarfsaðilar skóla- og frístundastarfsins sett sér [sameiginlega læsisstefnu](#) um eflingu máls og læsis í viðkomandi hverfi. Ákvarðanir um kennsluaðferðir í lestri og móðurmálskennslu eru því yfirleitt teknar sameiginlega og á faglegum forsendum af hópum stjórnenda og kennara og gefin dæmi um leiðir sem hægt er að fara til að efla móðurmálskennsluna í víðu samhengi.

Síðasta spurningin er: *Hver hefur árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar við sérkennslu verið síðustu 5 ár sundurliðaður frá ári til árs?* Skólar fá úthlutað fjármagi vegna almennrar sérkennslu/stuðnings sem notað til að styðja við börn almennt í skólastarfinu, þ.m.t. lestrarnám. Skólastjórar og starfsfólk skólanna nýtir það fjármagn til að styðja við þá nemendur sem þess þurfa, t.d. varðandi hegðun, námsaðlögun, námserfiðleika o.fl. Áhersla hefur verið á að stuðningur við nemendur sé sveigjanlegur, fari fram einstaklingslega, í minni hópum eða inni í bekk eða námshópi eftir aðstæðum hverju sinni. Stuðningurinn getur verið tímabundinn, í námskeiðsformi eða varað í lengri tíma.

Samkvæmt nýju úthlutunarlíkani, Eddu, var úthlutað undir liðnum almenn sérkennsla/stuðningur kr. **928.251.380.-** árið 2022 og **977.782.440 kr.** árið 2023. Að auki var úthlutað fjármagni til eftirfarandi liða til að styðja við skólastarfið árið 2022 og 2023:



**Skv. Eddulíkani 2022:**

<b>Stuðningur</b>	<b>2.724.672.453</b>
Almenn sérkennsla	928.251.380
LOI	241.891.092
Nýbúastuðningur	346.354.675
Sértækur stuðningur	714.298.071
Fagmaður	362.604.609
Stuðningur í 1. bekk	131.272.625
Deildarstjóri sérkennslu	349.370.097

**Samtals 2022 3.074.042.542**

**Samtals 2023 3.293.912.648**

**Skv. Eddulíkani 2023:**

<b>Stuðningur</b>	<b>2.940.317.012</b>
Almenn sérkennsla	977.782.440
LOI	208.381.833
Nýbúastuðningur	394.391.233
Sértækur stuðningur	842.941.329
Fagmaður	384.668.120
Stuðningur í 1. bekk	132.152.056
Deildarstjóri sérkennslu	353.595.636

Þessar tölur eru ekki sambærilegar við úthlutun árána 2019 – 2021 þar sem forsendur úthlutunar breyttust með nýju líkani og því engu móti samanburðarhæfar við árin 2022 og 2023 og myndu gefa ranga mynd af stöðunni.